

Siglingaráð

36. fundur

Dags.: 3. nóvember 2022, kl. 11:00 til 12:10 í innviðaráðuneytinu og á Teams.

Mættir: Halldór Ármannsson formaður, Eggert Ólafsson (innviðaráðuneyti), Bergþóra Kristinsdóttir (Vegagerðin), Birna Ragnarsdóttir (Samtök verslunar og þjónustu), Rannveig Grétarsdóttir (Samtök ferðaþjónustunnar), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Guðmundur Herbert Bjarnason (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Páll Ægir Pétursson (Félag skipstjórnarmanna), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Lúðvík Geirsson (Samband ísl. sveitarfélaga), Þorsteinn Þorkelsson (Samgöngustofa), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Ásta Þorleifsdóttir (innviðaráðuneyti), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Arthur Bogason (Landssamband smábátaeigenda), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmæknimanna), Kristín Magnúsdóttir (Hafnasamband Íslands).

Gestur fundar: Dr. Majid Eskafi hafnarsérfræðingur hjá EFLU.

Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar (send í tölvupósti).
2. Fundargerð 35. fundar Siglingaráðs (send í tölvupósti).
3. Kynning frá EFLU um Visthafnir. (verður send í tölvupósti)

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

HÁ bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

- 1) **Fundargerð** - samþykkt frestað til næsta fundar.
- 2) **Hönnun umhverfisvænna hafna.** Majad Eskafi doktor í umhverfisverkfræði var með kynningu á verkefnum varðandi grænar hafnir sem EFLA ásamt fleiri aðilum hafa komið að hér á Íslandi (sjá framlagt gagn nr. 3). Gerð hefur verið greining á fjölda hafna með ákveðinni aðferðafræði sem metur sveigjanleika og sjálfbærni hafnanna. Gerð er greining á áherslum, þörfum og viðhorfum hagsmunaðila og horft í marga þætti svo sem löggjöf, öryggi, afköstum hafna, fjölda komu skipa, farþegafjölda, orkuþörf, orkuskipti, landtengingar/rafmagn, aðgengi að köldu og heiti vatni, stærð hafna m.t.t. færslu skipa, dýpi í höfn, stærð viðlegukanta, sjónmengunar, hávaðamengunar og umhverfismengunar. Einnig var komið inná notkun staðla tam ISO 14001 og viðmiðunarinnar EPI (Environmental Performance Index). Fram kom að íslensk stjórnvöld standi sig vel í að stuðla að grænum höfnum.

Í kynningu Majad var komið inná Coda verkefnið sem er á vegum Carbfix en það felur í sér gríðarmikla uppbyggingu í Straumsvíkurhöfn á næstu árum fyrir móttökustöð fyrir CO2 sem safnað verður víða í Evrópu, flutt hingað í sérsmiðuðum skipum og „fargað“ í hrauninu við álverid með því að dæla því þar niður á 800 metra dýpi. Áætlað er að fyrstu CO2 skipin komi 2026-2027. Í umræðu kom fram að höfnin gæti einnig nýst fyrir brotajárnsflutning, saltflutning o.fl. en væntanlega koma þangað um 130-140 CO2 flutningaskip á ári.

3) Önnur mál.

- a) **Aðskildar siglingaleiðir.** EÓ upplýsti að í dag tók gildi „Reglugerð nr. 1195/2022 um breytingu á reglugerð nr. 524/2008 um afmörkun siglingaleiða, svæði sem ber að forðast og tilkynningaskyldu skipa fyrir Suðvesturland“. Helstu breytingar eru heimildir fyrir skip allt að 30.000 brt. sem ekki eru með hættulegan farm að sigla innri leiðina og skilgreindar eru kröfum um hæfni skipstjórnarmanna til að sigla innri leiðina ásamt kröfum um tilkynningarskyldu. PÆP sagðist fyrir hönd farmanna vera ánægður með breytingarnar á reglugerðinni. ÁLÁ benti á að gott væri að fá eina heildstæða reglugerð um þessi mál.
- b) **Innleiðing tilskipunar C188.** HS sagði að í „Reglugerð nr. 611/2022 um breytingu á reglugerð nr. 975/2004 um vinnu- og hvíldartíma skipverja á íslenskum fiskiskipum“ hafi tilskipun ESB um C 188 verið innleidd. Er ekki kominn tími til að fullgilda tilskipunina og setja sem reglugerð

en sama á við um MLC þar sem ákvæðin eiga að vera í heildstæðri reglugerð en ekki dreifð í hinum og þessum reglugerðum. VV tók undir þetta og EÓ sagði að skoða þyrfti málið.

- c) **Atvik sjómenn.** ÞÞ sagði frá athöfninni um borð í Sæbjörgu í gær þar sem kerfið Atvik sjómenn var formlega tekið í notkun. Bætt verður í kerfið hnöppum þannig að hægt verði að senda tilkynningar um slys á fleiri tryggingafélög en VÍS. Ánægja er með verkefnið sem þarf að auglýsa rækilega.
- d) **Öryggisáætlun sjófarenda, stefna fyrir 2023 til 2037.** Ráðsmenn voru minntir á að senda sem fyrst inn tillögur eða skrá þær í excel skjalið á Teams. Þau sem geta ekki skoðað skjalið á Teams hafi samband við EÓ.

Næsti fundur verður haldinn 1. desember og verður boðaður í tölvupósti.

IV ritaði fundargerð.